

Flateyri 24. janúar 2022

Berist til:

Færðslunefndar Ísafjarðarbæjar

Sviðsjóra skóla- og tómstundasviðs

Erindi:

Ég undirrituð skólastjóri Grunnskóla Önundarfjarðar óska hér með eftir samþykki þess að skólinn fái að vinna samkvæmt rýmri reglum varðandi gestanemendur en almennt gerist í skólum Ísafjarðarbæjar.

2. gr. í reglum Ísafjarðarbæjar er svohljóðandi: Nemendur sem eru gestkomandi, hvort sem þeir hafa átt lögheimili í Ísafjarðarbæ eða ekki, eru velkomnir í tímabundna heimsókn í samráði við skólastjóra og umsjónarkennara, svo lengi sem 1. gr. á ekki við. Ekki er gert ráð fyrir lengir heimsókn en einn dag.

Hvað þessa grein varða óska ég eftir því að fá að starfa samkvæmt reglum sambærilegum þeim sem eru í Grunnskóla Drangsness þar sem dvöl gestanemenda getur verið mislöng en þó aldrei lengri en 1-2 skólavikur.

Að öðru leyti yrði starfað samkvæmt reglum Ísafjarðarbæjar. Umsókn yrði metin með kennurum og tekið mið af aðstæðum hverju sinni.

Ástæða þessara óskar er eftirfarandi sérstaða Flateyrar: Fyrst má þar telja Lýðskólann þar sem kennarar koma og kenna í tvær vikur yfir veturinn. Einnig er hér starfrækt Skúrin, samfélagsmiðstöð, þar sem fólk getur haft tímabundna vinnuáðstöðu. Síðast en ekki síst er að hér eru margir húseigendur sem dvelja hér aðeins yfir sumartímann og í styttri tíma yfir veturinn. Ef við getum boðið gestanemendum upp á einnar til tveggja vikna námsdvöl í grunnskólanum náum við að vinna betur með Lýðskóla og Skúrinni þar sem börn starfsmanna þar geta komið með foreldrum og stundað nám hér. Auk þess sem nemendur okkar kynnast betur þeim íbúum samfélagsins sem búa hér aðeins hluta úr ári ef þau sem eru á skólaaldri geta stundað hér tímabundið nám.

Meðfylgjandi gögn eru reglur Grunnskóla Drangsness og reglur Ísafjarðarbæjar um gestanemendur.

Kristbjörg Sunna Reynisdóttir

(sign)